

**31. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 19. september 2011, kl. 16:35, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Gunnar Sigurðsson og Sólveig Jónsdóttir almannatengslafulltrúar og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

**1. Fundargerðir.**

Fundargerð 29. fundar frá 5. september sl. og 30. fundar frá 13. september sl. eru samþykktar.

**2. Svar tækninefndar í áhaldafimleikum karla (tk) til stjórnar, sbr. 30. stjórnarfund þann 13. september sl.**

Stjórn hefur borist tölvupóstur frá tk. Þar kemur fram að stjórn tk samþykkir að sinna þeim verkefnum sem kveðið er á um í reglugerð FSÍ og fara að samþykktum stjórnar. Stjórn þakkar tk svarið og væntir góðrar samvinnu við nefndinna í framtíðinni.

Framkvæmdastjóra falið að ræða sem fyrst við formann tk. um væntanleg dómaranámskeið og útgáfu íslenska fimleikastigans með þeim breytingum sem stjórn hefur samþykkt.

**3. Úttekt á vali FSÍ á keppendum á heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum sem haldið verður í Japan í október nk. Áður á dagskrá 28. stjórnarfundar.**

Framkvæmdastjóri og formaður gera grein fyrir tilraunum til að finna óháðan úttektaraðila til verksins. Málið rætt og ákveðið að formaður ræði við formann Íþróttafélagsins Gerplu og kynna honum stöðu málsins.

**4. Skipan í kjörnefnd**

Með vísan til 9. gr. laga FSÍ skipar stjórn Auði Ingu Þorsteinsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Þorbjörgu Gísladóttur í kjörnefnd fyrir komandi fimleikaping í lok janúar nk.

**5. Tillögur að breytingum á lögum FSÍ – drög.**

Fyrir stjórn liggja tillögur að breytingum á lögum FSÍ. Farið er yfir tillögunar og ákveðið að vinna áfram að málinu og kynna tillögurnar á næsta formannafundi.

Sólveig Jónsdóttir vék af fundi kl. 19.30.

## **6. Formannafundur FSÍ.**

Samþykkt er að formannafundur FSÍ, haustfundur, verði haldinn í húsnæði Fjölnis laugardaginn 15. október nk. Dagskrá fundarins rædd og framkvæmdastjóra falið að boða til fundar og undirbúa fundinn í samráði við formann.

## **7. Tillaga um breytingu á keppnis- og mótareglum í teamgym. Áður á dagskrá 23. stjórnarfundar, sbr. lið 6.**

Þann 6. september sl. var beiðni stjórnar um umsögn tækninefndar í hóp fimleikum um framangreinda tillögu ítrekuð. Svar nefndarinnar barst stjórn í dag.

Málið rætt. Stjórn samþykkir að leggja tillöguna fyrir þingleikahring 2012.

## **8. Fjárhagsáætlunargerð 2012-2014.**

Rætt um hvernig standa skuli að fjárhagsáætlunargerð 2012-2014 sem lögð verður fyrir næsta fimleikahring í lok janúar nk. Samþykkt er að unnið verði að gerð fjárhagsáæltunar í samvinnu við nefndir FSÍ. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tillögum nefnda að verkefnum sem nefndir skulu skila til stjórnar eigi síðar en 1. október nk.

## **9. Skipun í nefnd um almenna fimleika.**

Stjórn skipar Tinnu Björg Kristinsdóttur í nefndina og býður hana velkomna til starfa.

## **10. Námskeiðahald.**

Stjórn þakkar fræðslunefnd fyrir undirbúning og umsjón með sérgreinanámskeiði 2B þar sem Dr. Flavio Bessi var fyrirlesari og fyrir sérgreinanámskeið 2C þar sem Anders Bo Johnsen var fyrirlesari. Fræðslunefnd eru þökkuð metnarfull störf í þágu hreyfingarinnar.

## **11. Norður-Evrópumót í áhaldafimleikum sem fram fer 11.-13. nóvember nk. í Svíþjóð.**

Til sendur að Ísland sendi fullskipuð landslið karla og kvenna til keppni á mótinu. Stjórn óskar eftir að tækninefndir karla og kvenna tilnefndi keppendur á mótið. Tilnefning keppenda skal rökstudd. Einnig óskar stjórn eftir að tækninefndir tilnefni einn þjálfara og tvo dómara með hvoru liði og skal rökstuðningur fylgja. Tilnefningar skulu berast stjórn í síðasta lagi 1.

október nk. Stjórn mun tilnefna fararstjóra. Kostnaður af þjálfurum, dómurum og fararstjóra greiðist af FSÍ.

Framkvæmdastjóra falið að kynna tækninefndum bókun stjórnar.

## **12. Til kynningar.**

- a. Lögð er fram fundargerð nefndar um fimleika fyrir alla frá 3. júlí sl.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 3. október nk.

Fundi slitið kl. 21.15.

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.